

<i>Titill:</i>	Notendahópur um verðvísitölur
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	10. fundur, haldinn 4. nóvember 2010 á Hagstofu Íslands
<i>Fundarmenn:</i>	Henný Hinz og Ólafur D. Andrason ASÍ, Halldór Árnason SA, Margrét Sæmundsdóttir Efnahags og viðskiptaráðuneyti, Jökull M. Pétursson Byr, Helgi Tómasson HÍ, Emil B. Karlsson Bifröst, Daníel Svavarsson Landsbankanum, Örn Ingvarsson, Þorsteinn Arnalds og Ingi Þór Finnsson Þjóðskrá.
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Ólafur Hjálmarsson, Rósmundur Guðnason, Guðrún R. Jónsdóttir, Finnbogi Gunnarsson, Heiðrún Guðmundsdóttir, Lára G. Jónasdóttir, Stefán Logi Sigurþórsson, Tryggvi Eiríksson.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Eigin húsnæði í vísitölu neysluverðs: Kynnt verður rannsókn Hagstofu á svokallaðri SPAR-aðferð við útreikning á fasteignaverðsvísitölum þar sem borið er saman verð og fasteignamat íbúðarhúsnæðis.
2. Önnur mál
Framleiðsluverðsvísitala fyrir þjónustu: Norrænn fundur og námsheimsókn.
Dagskrá næsta fundar.
Annað.

Fundarmenn voru boðnir velkomnir. Ekki voru gerðar athugasemdir við boðaða dagskrá fundarins.

1. SPAR húsnæðisvísitölur. Kynntar voru fyrstu niðurstöður úr rannsókn Hagstofu á SPAR (Sale Price Appraisal Ratio)-aðferð við útreikning fasteignavísitölu. Með þeirri aðferð er reiknuð vísitala sem sýnir þróun hlutfalls kaupverðs og fasteignamats. Ástæða rannsóknarinnar er þátttaka Íslands í tilraunaverkefni Eurostat um gerð fasteignavísitalna. Verkefnið snýst um samræmingu húsnæðisvísitölu og er SPAR ein af þeim aðferðum sem er til athugunar. Fyrstu niðurstöður sýna að gott samræmi er á milli lagskiptingaraðferðarinnar sem notuð er í vísitölu neysluverðs og SPAR. Rannsóknin mun halda áfram.
2. Önnur mál:
 - Framleiðsluverðsvísitala fyrir þjónustu: Norrænn fundur og námsheimsókn. Gerð var grein fyrir þátttöku Hagstofu Íslands á fundum með norrænum, hollenskum og baltneskum sérfræðingum í vísitölum þjónustuframleiðslu, SPPI. Ein af skilakröfum ESB á sviði hagskýrslugerðar er vegna skammtímatalna og telst framleiðsluverðsvísitala fyrir þjónustu (SPPI) til þeirra. Þjónusta nær yfir rúmlega 40% af landsframleiðslu og er því um veigamikinn hagvísí að ræða. Hagstofan fékk styrk til ferðarinnar í gegnum svokallað Taiexprógramm ESB. Líklegt er að hagskýrslugerðin verði byggð upp smám saman því greinarnar sem

heyra undir SPPI eru ólíkar, bæði hvað varðar möguleika á gagnasöfnun og úrvinnslu.

- Útvarpsgjald. Álitamál er komið upp vegna útvarpsgjaldsins sem tók við af afnotagjöldum RÚV árið 2009. Þegar útvarpsgjaldið var tekið upp leit Hagstofan svo á að verið væri að breyta innheimtuformi á gjaldi sem yrði þó áfram eyrnamerkt starfsemi RÚV. Í fjárlögum fyrir árið 2011 er lögð til hækkun á gjaldinu en ekki er gert ráð fyrir að gjaldið skili sér til RÚV að fullu. Samkvæmt skilgreiningu á neysluútgjöldum sem notuð er í vísitölunni (neysluútgjöld heimilanna) teljast beinir skattar ekki með og ef litið er á útvarpsgjaldið sem beinan skatt en ekki gjald fyrir ákveðna þjónustu ber að taka það út úr vísitölunni með þeim verðlagsáhrifum sem það veldur (u.þ.b. 0,4% áhrif til lækkunar). Í ljósi þess íhugar Hagstofan að endurskoða afstöðu sína til gjaldsins Nokkrar umræður urðu um málið og mun Hagstofan athuga málið áfram og tilkynna niðurstöðuna sem fyrst.
- Efst á baugi í aðferðaþróun á samræmdu vísitölunni. Sagt var frá fundi vinnuhóps 26.-27. október. Fyrir liggur tillaga að reglugerð um útreikning samræmdrar húsnæðisvísitölu. Í tillögunni er þó ekki gert ráð fyrir að sú vísitala yrði tekin inn í sjálfa samræmdu vísitöluna í upphafi. Ákvörðun um það skal tekin eftir tveggja ára reynslutíma af útreikningi á húsnæðisvísitölu. Einnig liggur fyrir tillaga að reglugerð um fastskattavísitölu en Ísland hefur ekki reiknað hana fyrir samræmdu vísitöluna.
- Dagskrá næsta fundar. Til stendur að Hagstofan taki þátt í þróunarverkefni á vegum Eurostat um aukna rafræna verðsöfnun, með notum á skannergögnum. Frásögn af þessu verkefni gæti verið efni fundar á næsta ári. Einnig gæti verið áhugavert að kynna not á útgjaldarannsókninni við gerð vísitölu neysluverðs.

Fylgiskjöl, glærukynning frá fundinum:

1. SPAR húsnæðisvísitölur

Fyrirhugaðir fundir 2011: Föstudagur 27. maí og föstudagur 4. nóvember.